

Jafnréttisáætlun Seyðisfjarðarskóla

Jafnréttisáætlun þessi er gerð í samræmi við ákvæði laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008 og Jafnréttisáætlun Múlapings 2021-2023.

Áætlunin nær annars vegar til jafnréttis kynjanna meðal starfsfólks og hins vegar meðal nemenda.

Jafnréttisáætlun þessi er hluti af skólanámskrá Seyðisfjarðarskóla og í samræmi við Jafnréttisáætlun Múlapings 2021-2023.

Inngangur

Orðið jafnrétti tengist því að allir sitji við sama borð óháð kynferði, kynþætti, trú, kynhneigð eða líkamlegri- eða andlegri fötlun. Allt skólastarf í öllum deildum skólans á að vera í anda jafnréttis. Jafnrétti á að vera samofið leik og starfi nemenda og alls starfsfólks Seyðisfjarðarskóla.

Stefna Seyðisfjarðarskóla er að allir, nemendur og starfsmenn, njóti jafns réttar án tillits til kyns. Tækifæri eiga ekki að byggja á kynferði heldur áhuga, hæfileikum og færni.

Í þessari jafnréttisáætlun Seyðisfjarðarskóla er fyrst og fremst unnið með jafnrétti kynjanna en áætlun þess efnis á að gera skv. lögum um jafnan rétt kvenna og karla sbr. hér að ofan. Jafnréttisáætlun er mikilvægt verkfæri sem nota á markvisst til að fylgjast með jafnri stöðu kynjanna innan skólans, bæði meðal starfsfólks og nemenda. Í jafnréttisáætlun felst m.a. viðurkenning á því að gripið sé til sérstakra aðgerða til að jafna stöðu kynjanna. Jafnréttisáætlun Seyðisfjarðarskóla er ætlað að vera liður í umbótum á skólastarfinu.

Ábyrgð

Skólastjóri ber ábyrgð á jafnréttisáætlun skólans og sér um að jafnréttisnefnd sé starfandi innan skólans sem sér um endurskoðun og eftirfylgd með jafnréttisáætlun þessari. Í framkvæmdaáætlun kemur fram hvernig jafnréttisáætlun er viðhaldið,

hver/hverjir bera ábyrgð á einstökum þáttum hennar og hvenær hver þáttur skal unninn.

Jafnréttisnefnd Seyðisfjarðarskóla

Í jafnréttisnefnd Seyðisfjarðarskóla sitja; fulltrúi kennara í leik- og grunnskóla og fulltrúi annarra starfsmanna. Trúnaðarmenn starfsfólks eru jafnframt nefndarmenn jafnréttisnefndar skólans, starfa með skólastjórnendum að auknu jafnrétti í Seyðisfjarðarskóla og fylgja áætluninni eftir.

Hlutverk nefndarinnar er:

- Að fylgja því eftir að unnið sé samkvæmt jafnréttisáætlun skólans.
- Endurskoða jafnréttisáætlun skólans árlega og gera viðeigandi breytingar.
- Taka saman gögn sem unnið er að skv. áætluninni s.s. tölulegar upplýsingar og tryggja að þær séu birtar. Umbætur gerðar í kjölfarið ef þess er þörf.
- Fylgjast með breytingum sem verða á lögum og reglugerðum um jafnréttismál kynjanna
- Vinna og halda utan um hugmyndabanka um jafnréttiskennslu.

Starfsfólk

Þess skal gætt í öllum starfsháttum skólans og daglegri umgengni við starfsfólk og með samstarfsfólki að þeim sé ekki mismunað á grundvelli kynferðis. Leitast skal við að mæta þörfum beggja kynja í skólastarfinu. Unnið er samkvæmt jafnréttisstefnu Múlaþings frá apríl 2021.

Störf

Við nýráðningar verður leitast við að jafna kynjahlutfall í skólanum.

- Gerð verði samantekt á kynjahlutfalli starfsfólks skólans eftir starfsheitum.
- Í starfsauglýsingum verði vitnað til jafnréttisáætlunar skólans og jafnréttisáætlunar Múlaþings. Karlar verði hvattir til að sækja um lausar stöður við skólann.

Starfsþjálfun og endurmenntun

Konum og körlum sem vinna sambærileg störf í skólanum skal til jafns standa til boða starfsþjálfun og endurmenntun.

- Við gerð símenntunaráætlana skal þess gætt að kynjunum sé ekki mismunað og tilboð séu við hæfi beggja kynja.
- Starfsfólki skal standa til boða fræðsla um jafnréttismál. Jafnréttisstofa býður upp á fræðslu, oftast að kostnaðarlausu.
- Taka skal saman annað hvert ár tölulegar upplýsingar um endurmenntun beggja kynja.

Laun

Nauðsynlegt er að fylgjast með launum starfsmanna út frá kynjasjónarmiði og vinna að því að jafna laun kynjanna komi launamunur í ljós.

- Gerð verði úttekt þar sem skoðuð verða grunnlaun, yfirvinnugreiðslur o.s.frv. eftir kyni og starfsheitum. Komi launamunur í ljós verður leitað leiða til að leiðrétta það.

Samræming starfs og einkalífs

Mikilvægt er að starfsfólk hafi tækifæri til þess að sinna skyldum sínum í starfi jafnt sem einkalífi og gott að jafnvægi sé þar á milli. Reynt er að koma til móts við starfsmenn um sveigjanleika í störfum þar sem kostur er.

- Óskir starfsfólks um sveigjanleika verði metnar eftir aðstæðum.

Kynjasambætting

Horfa skal fyrirfram til þeirra þátta sem snert geta kynin á ólíkan hátt. Meta skal fyrirfram hvaða afleiðingar stefnumótun eða ákvarðanataka getur haft á kyn og bregðast við ef sýnt þykir að verulega muni halla á eitthvert kynið með ákveðinni ákvörðun eða stefnumótun. Stefna um kynjajafnrétti verður felld inn í alla stefnumótun innan skólans með því t.d. að ganga úr skugga um hvort verið sé að nýta hæfileika og menntun allra kynja þegar verið er að móta stefnu og taka ákvarðanir.

- Gátlisti forsætisráðuneytisins Gætum jafnréttis verði notaður til að kanna þetta.

Kynferðisleg áreitni, kynbundin áreitni og einelti

Allt starfsfólk skólans þarf að vera meðvitað um ábyrgð og færar leiðir ef upp koma tilvik sem varða kynferðislega áreitni eða einelti.

- Verklag og jafnréttisáætlun sveitarfélagsins verði kynnt öllu starfsfólki.
- Jafnréttisnefnd skólans sér til þess að verklag sé aðgengilegt öllu starfsfólki.
- Aflað verður upplýsinga í starfsmannaviðtölum/skólapúlsi.

Nemendur

Þess skal gætt í öllum starfsháttum skólans í öllum deildum og daglegri umgengni við nemendur að þeim sé ekki mismunað á grundvelli kynferðis og orðræða starfsfólks skal taka mið að því. Leitast skal við að mæta þörfum allra kynja í skólastarfinu.

Fræðsla

Leitast skal við að vinna samkvæmt markmiðum Aðalnámskrár grunn- og leikskóla þar sem markmið tengd jafnréttismálum eru tilgreind. Unnið skal markvisst að fræðslu gegn staðalímyndum kynjanna í öllu starfi með nemendum skólans.

- Grunn- og leikskólinn starfar samkvæmt markmiðum aðalnámskrár og er jafnrétti einn af grunnþáttum menntunar.
- Markmið sem lúta að kennslu í jafnréttismálum eiga að endurspeglast í starfsháttum skóla, samskiptum og skólabrag og skulu kennarar taka mið af því.

Kennslu- og námsgögn

Menntamálastofnun hefur útbúið gátlista fyrir höfunda námsefnis, þar sem m.a. er horft til kynjasjónarmiða, sem öllum höfundum og öðrum sem vinna fyrir stofnunina er gert að hafa að leiðarljósi. Þar kemur m.a. fram að námsefni skal tala fyrir mannréttindum og jafnrétti manna. Það á að vera laust við fordóma, t.d. um búsetu, fötlun, kyn, kynhneigð, stétt eða trúarbrögð. Leitast skal við að vinna gegn hvers konar viðhorfum sem hvetja til eða viðhalda misrétti og kynþáttahyggju.

Einnig skal, þar sem við á, tekin afdráttarlaus afstaða gegn hvers kyns ofbeldi og kúgun. Ekki skal mismuna kynjum eða fjalla einhliða um hlutverk kynjanna. Mikilvægt er að ámóta fjöldi einstaklinga af öllum kynjum birtist í námsefninu, bæði í texta og myndum, og að einstaklingar séu ekki eingöngu sýnd í svokölluðum hefðbundnum

hlutverkum. Þar sem rætt er um aðrar þjóðir eða ákveðna hópa fólks í námsefni, ber að forðast alhæfingar og gæta þess að umfjöllunin sé málefnaleg og ýkjulaus, bæði í máli og myndum. Skál þessi gátlisti hafður til hliðsjónar við námsefnisval fyrir nemendur.

- Kennarar nýti sér það námsefni sem samið hefur verið út frá fyrirtöldum leiðbeiningum en gæti þess að nota ekki gagnrýnislaust námsefni sem t.d. sýnir staðlaðar kynjaímyndir eða mismunar kynjunum að einhverju leyti.
- Á leikskóladeild er farið yfir leikföng og kennsluefni í sama tilgangi árlega af deildarstjórum.

Náms- og starfsfræðsla

Mikilvægt er að kynna einstaklingum möguleika á framhaldsmenntun og störfum sem litið hefur verið á sem hefðbundin kvenna- eða karlastörf en jafnframt hvetja nemendur til að prófa það sem hentar hverjum og einum burtséð frá kyni.

- Atvinnukynningar í skólunum – Fólk af vinnumarkaðnum fengið til að halda stutta fyrirlestra og svara fyrirspurnum. Leitast verði við að fá fólk sem hefur valið sér óhefðbundnar leiðir m.t.t. kyns í námi og starfi.
- Atvinnulífskynningar – Nemendur fái tækifæri til að kynna sér atvinnulífið á eigin skinni. Hvatt verði til þess að nemendur prófi það sem hentar hverjum og einum burt séð frá kyni.
- Áhugasviðsgreining – Slík greining standi til boða með aðstoð námsráðgjafa.
- Fyrirlestrar – Fulltrúar frá Jafnréttisstofu fengnir til að kynna jafnréttislög, starfsemi stofunnar og jafnrétti með tilliti til launa. Einnig að fá þá til að ræða við nemendur um kynbundið náms- og starfsval og staðalmyndir kynja á vinnumarkaði.

Kynferðisleg áreitni og kynbundin áreitni

Skólastjórnendur skulu skv. lögum gera sérstakar ráðstafanir til að koma í veg fyrir að nemendur verði fyrir kynferðislegri áreitni í skólanum hvort heldur sem er af hálfu annarra nemenda eða starfsfólks.

Samskipti við foreldra/forráðamenn

Starfsfólk skólans þarf að vera meðvitað í samskiptum við foreldra/forráðamenn og gæta þess að útiloka ekki annað foreldri/forráðamann á grundvelli kyns. Mikilvægt er að litið sé á feður og mæður sem jafngild í foreldrasamstarfinu.

- Í samskiptum við heimilið sé þess gætt að báðir foreldrar séu jafngildir í samstarfinu. Haldið sé utan um tölfræðilegar upplýsingar um kynjaskiptingu foreldra í viðtölum og fundum á vegum skólans.